

Í Fjallabyggð er flotti skólinn minn

Við erum alltaf góðir vinir,
erum alltaf glöð og kát,
sýnum virðingu og umhyggju í gjörðum.
Við leggjum okkur fram við námið,
setjum markið hátt.
Í Fjallabyggð er flotti skólinn minn.

Mikilvæg er heilsa‘ og hreysti‘, á líkama og sál.
Á sjálfan mig ég treysti, komi‘ upp vandamál.
Einelti við líðum ekki, einelti er ljótt,
á bekkjarfundi leysum málið fljótt.

Við erum alltaf góðir vinir,
erum alltaf glöð og kát,
sýnum virðingu og umhyggju í gjörðum.
Við leggjum okkur fram við námið,
setjum markið hátt.
Í Fjallabyggð er flotti skólinn minn.

Umhverfið við hugsum um, í verndun tökum þátt.
Það þolir enga bið ef við viljum lifa‘ í sátt.
Ábyrgð tökum sjálf á okkur, hegðum okkur vel,
því frábæran ég skólann okkar tel.

Við erum alltaf góðir vinir,
erum alltaf glöð og kát,
sýnum virðingu og umhyggju í gjörðum.
Við leggjum okkur fram við námið,
setjum markið hátt.
Í Fjallabyggð er flotti skólinn minn.

Hér í Fjallabyggð er flotti skólinn minn.